

Birna Magnúsdóttir býður sig fram í 3.-6. sæti á lista VG í Reykjavík

Birna Magnúsdóttir býður sig fram í 3.-6. sæti á lista VG í forvali fyrir borgarstjórnarkosningarnar í vor. Hún er leikskólakennari en starfar sem vagnstjóri í Reykjavík.

Í tilkynningu hennar segir:

"Ég , Birna Magnúsdóttir, fædd 05.03.1965, hef ákveðið að bjóða mig fram í 3 – 6 sæti í forvali Vinstri hreyfingarinnar Græns framboðs í Reykjavík, en forvalið fer fram þann 6. Febrúar næstkomandi.

Ég er leikskólakennari að mennt en starfa sem vagnstjóri í Reykjavík og er gift Grétari S. Gunnarssyni vagnstjóra.

Ég á sæti í málefnaþóp Vinstri Grænna um almenningsamgöngur.

Helstu áherslur mínar eru að verja velferð og jafnrétti í Reykjavík, umhverfismál, og það að gera almenningsamgöngur að raunhæfum valkosti fyrir alla borgarbúa."